

Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs
68. fundur haldinn í Snæfellsstofu Skriðuklaustri 28. jan. 2015

Mættir: Ruth Magnúsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Jóhann Þórhallsson, Skúli Björn Gunnarsson, Þórhallur Þorsteinsson og Einar Kr. Haraldsson. Jafnframt sátu fundinn Þórður Ólafsson frkvstj. þjóðgarðsins, Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður, Ragna Fanney Jóhannsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar og Sævar Þór Halldórsson annar aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs sat 2. dagskrárlið fundarins.

Dagskrá:

- 1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerðar**
- 2. Fundað með stjórn þjóðgarðsins**
- 3. Fjárhagsáætlun 2015**
- 4. Deiliskipulag í Hátungum**
- 5. Önnur mál**

Ruth setti fund kl. 17.00. Gengið var til dagskrár.

1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerðar

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fundargerð 67. fundar, sem samþykkt hafði verið í tölvupósti, var undirrituð.

2. Fundað með stjórn þjóðgarðsins

Ruth, formaður svæðisráðs, bauð stjórn velkomna á fund á austursvæði. Hún fór yfir nokkur atriði sem svæðisráð vill vekja athygli stjórnar á og fá umræðu um. Þar á meðal samgöngumál og hvernig þau mál stæðu gagnvart Vegagerðinni, stjórnunar- og verndaráætlun, upplýsingamiðstöð í Möðrudal, öryggismál í kjölfar eldsumbrota í Holuhrauni og samstarf við hagsmunaaðila eins og ferðafélögin, en ekki hefur verið farið í þá greiningavinnu varðandi Sigurðarskála sem svæðisráð og stjórn ræddu um þegar þau hittust fyrir tæpu ári.

Hjalti formaður svaraði fyrir þau atriði sem Ruth tæpti á. Engar línur hafa skýrst varðandi meiri aðkomu Vegagerðarinnar að veghaldi. Vonir standa til að klára endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar hið fyrsta þannig að hún verði samþykkt af ráðherra í vor. Þörf fyrir upplýsingamiðstöð í Möðrudal og aukinn fjöldi fólks sem sækir inn á hálendið norðan jökuls telur Hjalti að sé eitthvað sem þurfi að bregðast við.

Einar Kr. undirstrikaði áhyggjur af veghaldi og samgöngum á austursvæði og taldi ótækt að hafa þær slóðir sem í sumum tilfellum hefur orðið að loka ár eftir ár, í síversnandi ástandi þar sem þær eiga að vera opnar samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun.

Sigrún Helgadóttir sagðist telja forgangsmála að koma upplýsingamiðstöð upp í Möðrudal enda væri leiðin inn í þjóðgarðinn æ meira notuð þar, m.a. þegar Lindaáin lokaði leiðinni vestan Jökulsár á Fjöllum. Á þessa innkomuleið í þjóðgarðinn vantaði meiri upplýsingar og fræðslu fyrir ferðamenn.

Agnes sagði frá því að verið væri að skoða leiðir til að koma nýrri brú á Volgu og þær yrðu kynntar í svæðisráði fljótlega.

Þórhallur Þorsteinsson kom inn á slóðamálin og taldi það hafa verið fyrirsjáanlegt og hann hefði varað við því að sumar þeirra væru settar inn í stjórnunar- og verndaráætlun. Í

sambandi við öryggismál sagði hann unnið að því með björgunarsveitum að búa til rýmingaráætlanir fyrir hálendisvæði, m.a. í Krepputungu. Hann kom inn á að ferðafélagið væri enn að taka við bókunum í Sigurðarskála fyrir sumarið án fyrirvara en ef að eldgosíð stæði fram á sumar eða lengur yrði þetta mikið fjárhagslegt tjón fyrir félagið. Áfram hefði verið fækkun í gistingu milli ára en meira væri að koma inn af tekjum gegnum göngurnar á jökul.

Frekari umræða varð um slóðirnar og samgöngumálin.

Jóhann Þórhallsson sagði að það væri komið dálítið í bakið á svæðisráði og öðrum sem stóðu að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar og lögðu til að þessar slóðir væru inni þegar ekkert fjármagn kæmi í þær. Einnig ræddi hann um nauðsyn þess að ganga til samninga við ábúendur í Möðrudal um upplýsingamiðstöð og minnti á kostnaðaráætlun sem Ragna Fanney og Agnes Brá unnu fyrir tveimur árum.

Böðvar tjáði sig um Möðrudal og sagði skilning fyrir því á norðursvæði að efla upplýsingagjöf þar og bæta þá gátt inn í þjóðgarðinn sem nýttist bæði austur- og norðursvæði. Hann sagði slóðamál á austursvæði vera dálítið fjarlæg stjórn en þessi veghaldsmál væru þung og það mjakaðist ekkert gagnvart Vegagerðinni enda skilgreindi Vegagerðin sjálf og samþykkti hvað væru vegir og hún ætti að hafa veghald á. Þrátt fyrir það að samkvæmt lögum ætti Vegagerðin að sinna veghaldi í þjóðgöngum landsins. Vegagerðin hefði ekki bætt neinum F-merktum vegum við frá stofnun þjóðgarðsins.

Hjalti taldi skilaboðin frá svæðisráðinu skýr um að stjórn næði einhverri niðurstöðu með Vegagerðinni um veghaldið. Í öðru lagi væri áherslan á Möðrudal ljós og stjórn þyrfti að taka það mál upp og óskaði eftir gögnum þar að lútandi. Í þriðja lagi þyrfti að fara í frekari skoðun með ferðafélaginu varðandi Kverkfjöll.

Skúli Björn spurði um endurskoðun á löggjöfinni um þjóðgarðinn og hvernig landsskipulagsstefnan kæmi við þjóðgarðinn. Hjalti svaraði því að löggjöfin væri á hendi ráðuneytisins en stjórn hefði ítrekað við ráðuneytið að hafa samráð við sveitarfélögin. Þórður sagði landsskipulagsstefnuna vera í kynningarferli og Snorri Baldursson er fulltrúi þjóðgarðsins í faghóp í henni.

Ruth þakkaði stjórnarmönnum fyrir fundarsetuna og þeir yfirgáfu fundinn um kl. 18.

3. Fjárhagsáætlun 2015 og framkvæmdaáætlun

Þórður fór yfir fjárhagsáætlun ársins. Starfsmannahald verður að mestu leyti óbreytt milli ára. Þó er gert ráð fyrir 1,5 mannmánuðum í hálendisvörð en Kári Kristjánsson mun sinna því hlutverki og skipta sér milli svæða þjóðgarðsins. Einnig er gert ráð fyrir landverði í Krepputungu í 13 landvarðavikur sem er viðbót. Sjálfboðaliðavikur munu verða heldur færri í Snæfelli og Kverkfjöllum en árið á undan. Hækkun rekstrarkostnaðar milli ára er áætluð tæp 5%. Helstu tölur eru þessar:

Laun	35.500.000
Önnur gjöld	25.500.000
<u>Eignakaup</u>	<u>500.000</u>
Rekstrarkostnaður	61.500.000
Sértekjur	10.000.000
Ríkisframlag	51.500.000

Rætt var um fjárhagsáætlunina. Hækkun í tekjum er fyrst og fremst áætluð í sértekjum. Komið var inn á að aukinn kostnaður gæti fylgt þeirri vinnu við öryggismál vegna eldsumbrota og flóðahættu. Einnig þyrfti að taka tillit til breytts ferðamynsturs hjá ferðamönnum og fjölgun dagsferðagesta inn á hálandið.

Svæðisráð gerir ekki athugasemdir við fjárhagsáætlunina þó að fulltrúar þess vildu gjarna sjá meiri fjárveitingar til rekstrar inn á þetta víðfeðma svæði.

Þórður og Agnes fóru einnig yfir framkvæmdaáætlun fyrir 2015. Áfram var niðurskurður á framkvæmdafé til þjóðgarðsins á fjárlögum og ber framkvæmdaáætlunin fyrir austursvæði merki þess. Engar stórar framkvæmdir eru á döfinni en heildartalan er 10-12 m.kr. fyrir austursvæði af þeim rúmu 100 m.kr. sem eru á fjárlögum. Inni í því þyrftu að rúmast kaup á Lindarseli í Hvannalindum og kostnaðarhlutdeild í brú yfir Volgu.

Samþykkt var að fresta umræðu um framkvæmdaáætlun til næsta fundar og að fara betur í forgangsröðun framkvæmda þá. Munu svæðisráðsmenn fá sendar frekari upplýsingar um nálgun á verkefnunum fyrir þann fund.

Einar Kr. Haraldsson þurfti að yfirgefa fundinn kl. 18.40 til að ná flugi frá Egilsstöðum.

4. Deiliskipulag Hátungum

Mannvit hefur unnið deiliskipulagslýsingu fyrir áningarstað í Hátungum innan við Snæfell. Svæðisráð gerir athugasemd við orðalag í kafla 1.1 varðandi gönguleið og illfæran slóða upp á jökul. Lagt er til að viðeigandi orðalag verði sótt í stjórnunar- og verndaráætlun. Einnig gerir svæðisráð athugasemd við að deiliskipulagsreiturinn sé of lítill þar sem rétt sé að gera ráð fyrir stærra framkvæmdasvæði þó að 1. áfangi verði ekki stærri en hér sé gert ráð fyrir. Þjóðgarðsverði var falið að ræða við verkfræðinga um að stækka á reitinn áður en þetta fer í auglýsingu.

5. Önnur mál

a) **Nýr starfsmaður á austurvæði.** Þjóðgarðsvörður kynnti Sævar Þór Halldórsson landfræðing og bauð svæðisráð hann velkominn til starfa. Hann kemur til með að vera til aðstoðar Rögnu fram í janúar 2016 meðan Agnes Brá verður í fæðingarorlofi.

b) **Fundir með sveitarstjórnnum.** Ruth og Björn fara á fund bæjarráðs Fljótsdalshéraðs á mánudaginn og Ruth og Jóhann fara á fund Fljótsdalshrepps á þriðjudaginn til að ræða málefni þjóðgarðsins.

c) **Næsti fundur** svæðisráðs verður haldinn 26. febrúar kl. 16.15 á Egilsstöðum.

d) **Fréttabréf** er tilbúið til dreifingar og verður sent inn á öll fyrirtæki á Austurlandi en síðan dreift á netinu.

e) **Tillögur Orkustofnunar um virkjunarkosti í Vatnajökulspjóðgarði**

Svæðisráð samþykkti svohljóðandi bókun vegna framkominna tillagna Orkustofnunar til verkefnisstjórnar þriðja áfanga rammaáætlunar:

Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs lýsir yfir furðu sinni vegna þeirra virkjunarkosta í Vatnajökulspjóðgarði sem Orkustofnun lagði fram hinn 20. janúar sl. í tillögum sínum til verkefnisstjórnar þriðja áfanga rammaáætlunar. Orkustofnun leggur til að verkefnisstjórnin taki til skoðunar Arnardalsvirkjun, Helmingsvirkjun og Vetrarveitu í Háslón sem gera ráð fyrir virkjun vatns úr Kreppu og Jökulsá á Fjöllum með tilheyrandi

uppistöðulónum, stíflu- og veitumannvirkjum í og við báðar árnar. Í framlögðum gögnum Orkustofnunar má sjá að framkvæmdasvæði þessara virkjunarkosta nær inn í Vatnajökulsþjóðgarð þar sem Krepputunga var friðlýst af umhverfisráðherra í apríl 2013 sem hluti af þjóðgarðinum. Þessar tillögur Orkustofnunar stangast því á við 3. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun en þar segir að áætlunin taki „ekki til landsvæða sem njóta friðlýsingar í samræmi við 50. gr. laga um náttúruvernd nema tiltekið sé í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði.“ Á heimasíðu Orkustofnunar (<http://os.is/orkustofnun/frettir/nr/1630>) má enda sjá að stofnunin gerir ráð fyrir því að þegar landsvæði hefur verið friðlýst þá þurfi ekki að fjalla frekar um þann virkjunarkost. Svæðisráð telur að þessir þrír virkjunarkostir falli undir þetta enda myndu framkvæmdir og mannvirki þessara virkjana skerða ósnortin víðerni innan Vatnajökulsþjóðgarðs og í jaðri hans. Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs skorar því á Orkustofnun að draga þessa tillögu sína til baka enda hljóti þetta að vera mistök þar sem Krepputunga er friðlýst.

Formanni og ritara var falið að koma þessari bókun til hlutaðeigandi aðila og í fjölmiðla.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.10

Ruth Magnúsdóttir

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Björn Ármann Ólafsson

Þórhallur Þorsteinsson

Einar Kr. Haraldsson